

Reykjavík 26 júní 06

DÓMS- OG KIRKJUNÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 631.4	Ahm. ASA
Innk.: 27 JÚNÍ 2006	
DKM 06060376	

Ágæti viðtakandi,

Ég undirritaður Jakob Helgason Kt.090861-7199, vil óska eftir því að fá uppreista æru af brotum mínum. Ég vísa í áðursend gögn mín til Ráðuneytisins, umsókn mína dagsetta 9. október 2005, með bréfinu fylgdu tvö bréf meðmælenda og vottorð frá Boga Jónssyni lækni.

Framtíð mín og minnar fjölskyldu veltur á því að ég fái uppreista æru, eins og fram hefur komið þá stendur mér til boða vel launuð yfirmannstaða á rækjuveiðitogara gerðum út frá Kanada.

[kjölfar þess.]

[] sem urðu til þess að ég braut af mér gagnvart fíkniefnalöggjöfinni. Í framhaldi af því kynnist ég núverandi konu minni sem studdi mig á allan hátt að snúa við blaðinu

I framhaldi af þessu fer ég aftur útá vinnumarkaðinn eftir um 10 ára hlé sökum þess

[] Ég byrjaði að starfa sem þjónn, er lærður þjónn. Fer síðan á sjóinn og gengur það mjög vel. Sjómenskan er það sem hefur alltaf heillað mig mest, er sjómannssonur og byrjaði ungur að stunda sjóinn.

Eftir það gengur mér allt í haginn []

[] Þen var staðinn að verki með það og fékk minn síðari dóm. Sem var kanski lán í óláni því að þetta var ekki sú stefna sem ég ætlaði að taka í lífinu. Ég á því láni að fagna að þrátt fyrir þetta hliðarspor mitt, (hafði snúið við blaðinu eftir fyrri dóm og lifað reglubundnu lífi) þá stóð bæði fjölskylda og vinir þétt við bakið á mér og höfðu trú á mér. Ég sat af mér 10 mánuði af dóminum og varð það til að [] Ég á 2 börn 8 og 12 ára gömul sem ég er með á mínu framfæri og þar að auki 3 uppkomin börn af fyrra sambandi. Frá því að ég kláraði að

sitja af mér inni þá hef ég verið háseti um borð í Pétri Jónsyni sem hefur gert útá Kanada miðum. Nú er búið að selja togarann svo ég er orðinn atvinnulaus. sé á öðrum fiskveiðum en rækju, það er léttasta vinnan að vera á rækju. Hér við land er rækjustofninn hrúninn svo þetta var eina atvinnutækifæri mitt hér við land. Togarinn Pétur Jónsson var síðasti íslenski togarinn sem gerði út á Kanadamiðum.

Það er mér því mikið í mun að fá uppreista æru og geta flutt búferlum með fjölskylduna til Kanada. Yfirmannstaðan sem mér stendur til boða er mun léttari þar sem ég fylgist með vinnslunni og kenni Inúítum að vinna rækjuna. Sjómannsstarfið er það starf sem ég hef unnið lengst af á minni ævi ásamt því að ég lærði þjóninn. Með

því að komast til Kanada get ég loksins og lifað góðu lífi í framtíðinni, en til þess þarf ég uppreista æru öðruvísi fæ ég ekki atvinnu og búsetulevfi í Kanada. Því miður er ekkert sem ég get starfað lengur við hér á landi sjómennskan býður uppá það að ég er lágmark mánuð í fríi á milli túra

Par fyrir utan þá er ég 45 ára gamall og er ekki tilbúinn að leggja árar í bát strax.

Betra þykir mér að bíta á jaxlinn og vinna, þar fæ ég líka heilbrigðan og góðan félagsskap af vinnufélögum sem ég er svo í góðu sambandi við í frítúrum.

Sambandið hjá mér og konunni minni og okkar börnum ásamt mínum eldri börnum blómstrar í dag. Það er að miklu leyti í sambandi við það að við eigum þá von að geta flust til Kanada. Börnin okkar öll eru mjög spennt fyrir því. Gangi það ekki upp veit ég ekki hvað verður um okkar fjölskyldulíf þar sem.

Þetta er svona mitt líf í hnotskurn, vildi ég leyfa ykkur að sjá hvað varð þess valdandi að ég braut þetta af mér, þó ég sé ekki að kenna því um, maður ber jú alltaf sjálfur ábyrgð á sínum gjörðum. Allavega þá þrái ég það heitt að geta horft fram á veginn í dag og látið gott af mér leiða því það er það sem hugur minn stendur til og hefur alltaf gert þrátt fyrir að hafa farið út af sporinu um stund.

Enn og aftur óska ég eftir því að mér verði veitt uppreist æra af mínum brotum. Það er líf margra undir því komið. Barnanna minna og allra þeirra sem hafa staðið svo þétt við bakið á mér í gegnum árin.

Virðingarfyllst,

Jakob Halderson

Eftirfarandi vottast.

Ég undirritaður hef þekkt Jakob Helgason, kt. 090861-7199, og verið læknir hans og fjöldkyldu hans sl. 20 ár.

Ég venslast einnig fjölskyldu Jakobs og konu hans og tel mig þekkja aðstæður þessa fólks mjög vel.

Síðustu ár, eftir dóm og úttekt sem kunnugt er um, hefur Jakob tekið hressilega á í persónulegum málum sínum.

Jakob hefur unnið mikið og staðið sig ótrúlega vel sérstaklega þegar haft er í huga að hann er

Fjölskyldulíf Jakobs er eins og best verður á kosið og gott og eðlilegt samband milli meðlima fjölskyldunnar.

Jakob hefur unnið afburða vel úr erfiðri stöðu sinni og tekist að hlífa börnum sínum og konu. Þau standa einnig með honum vel. Hafa þau áform um að halda til Kanada þar sem Jakobi býðst álitlegt starf á frystitogara. Hann mun þannig

og reynast góður og nýtur þegn.

Ösk mín er að allir þeir sem að málum Jakobs og fjölskyldu hans standa kosti kapps um að styðja þau til góðra áforma sinna.

Ég veiti fúslega ítarlegri upplýsingar ef að gagni mega koma.

Reykjavík 14. júní 2006.

Jón Gunnar Hannesson
Læknir - sími

Jón Gunnar Hannesson

kt. 230450-4209.

Tillaga
til handhafa valds
forseta Íslands
um uppreist æru.

Föllunast á föllöguna
Einar A. Haarde

Jakob Helgason, kt. 090861-7199, til heimilis að _____ hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppveðinn 15. apríl 1992, þar sem honum var gert að sæta 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og dóm héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn 20. desember 2002, þar sem honum var gert að sæta 20 mánaða fangelsi fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, handhafar valds forseta Íslands, mætti þóknast

Stefnir Þorvaldsson

að veita nefndum Jakobi Helgasyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreinda dóma.

Ólafur Þorvaldsson

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
12. september 2006.

Allrævirðingarfyllst,

Í Reykjavík, 13. september 2006

Þorvaldur Thors

Þorvaldur Thors